



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

---

Félagsþjónustusvið

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Selfossi, 1. apríl 2016  
1603126

***Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999  
(réttur til sambúðar á stofnunum), 352. mál.***


Félagsþjónusta Árborgar lýsir ánægju sinni með frumvarp sem stuðlar að samvistum hjóna/sambúðaraðila allt til æviloka. Ljóst er að í mörgum tilfellum eiga hjón/sambúðaraðilar erfitt með að taka ákvörðun um að annar aðilinn flytjist á stofnun og hinn verði eftir heima.

Í frumvarpi þessu er lagt til að hjón/sambúðaraðilar þurfi ekki að slíta samvistum þegar annar aðilinn þarf að vistast inn á stofnun (dvalar- og/eða hjúkrunarheimili). Í dag þurfa einstaklingar að gangast undir mat hjá færni og heilsumatsnefnd til að geta vistast á dvalar- eða hjúkrunarheimilum. Afar sjaldgæft er að hjón/sambúðaraðilar séu á sama tíma í þörf fyrir vistun á dvalar- eða hjúkrunarheimilum og því er algengt að heilsuhaustari aðilinn sitji eftir heima. Fáir frumvarp þetta afgreiðslu geta hjón/sambúðaraðilar flust saman á dvalar- eða hjúkrunarheimili sé annað þeirra í þörf fyrir vistun á stofnun út frá mati færni og heilsumatsnefndar.

Ekki kemur skýrt fram hvernig standa eigi að kostnaðarhlutdeild hressari aðilans þ.e. hvort hann eigi að greiða leigu, hvort hann eigi rétt á þeirri þjónustu sem stendur til boða á dvalar- og hjúkrunarheimilum og þá hvaða gjald hann eigi að greiða fyrir þá þjónustu. Að sama skapi kemur ekki fram hver réttur hraustari aðilans sé falli maki/sambúðaraðili hans frá. Uppfylli hann ekki kröfur færni og heilsumatsnefndar fyrir þörf á vistun, á hann þá að flytja? Nauðsynlegt er að skýrar reglur liggi fyrir um kostnaðarhlutdeild hraustari aðilans sem og rétt hans til áframhaldandi búsetu eða hvenær búsetu lýkur falli maki frá.

Í dag eru biðlistar eftir vistun á dvalar- og hjúkrunarheimilum langir og er gríðarlega mikilvægt að tæma þá. Er ætlunin að fjölga dvalar- og hjúkrunarrýmum að því marki að biðlistar tæmist og er ætlunin að makar þessara aðila sem hafa fengið mat frá færni og heilsumatsnefnd fái úthlutað rými á dvalar- eða hjúkrunarheimili?

Virðingarfyllst,

  
Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir,  
félagsmálastjóri